

Nd. 130. Frumvarp til laga

um ráðstafanir gegn dýrtíðinni og til að tryggja rekstur útvegsins.

Flm.: Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson, Lúðvík Jósefsson.

I. KAFLI

Um ríkisábyrgð á fiskverði vegna bátaútvegsins.

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1948 65 auro verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við slægðan þorsk og ýsu með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsunum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorsk- og ýsuflökum nái kr. 1.33 fyrir lbs. fob., þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 auroum á lbs. Skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarendi.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfisksútflýkjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob., miðað við fullstaðinn stórfisk (þorsk) I. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera tilsvarendi.

4. gr.

Til þess að tryggja 65 auro verð á nýjum fiski og sölu aflans, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en um er rætt í 2. og 3. gr., enn fremur að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma honum á markað.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til um.

5. gr.

Auglýsa skal fyrir 1. janúar 1948 lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera tilsvarendi. Leita skal tillagna Landssambands ísl. útvegsmanna um verðlagninguna.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessa kafla, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarmönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt gildandi lágmarksverð, enda er greiðsla þess verðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum, sem felast í þessum kafla.

II. KAFLI

Um ráðstafanir til að lækka rekstrarkostnað útvegsins.

6. gr.

Vextir af stofnlánnum til útvegsins vegna báta, skipa, fiskiðjuvera eða annarra fasteigna skulu frá og með 1. jan. 1948 eigi vera hærri en $2\frac{1}{2}\%$ árlega. Heildarupphæð þeirra lána, sem vaxtalækkunin nær til, skal til hvers aðila vera tilsvarendi því, sem veitt hefði verið úr stofnlánadeild sjávarútvegsins. Frá sama tíma skulu vextir af rekstrarlánnum til útgerðar og fyrirtækja, sem starfa í beinu sambandi við útgerðina, eigi vera hærri en $2\frac{1}{2}\%$ árlega. Óheimilt er að segja upp lánnum vegna þessara vaxtalækkana.

Jafnframt skal ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess, að lán, sem ákvæði 1. málsg. ná til, verði föst lán, og lánstími 20—30 ár, miðað við ný skip og báta og nýjar verksmiðjur. Skulu lánsstofnanir skyldar að hlíta því, að lánnum útgerðarinnar hjá þeim verði þannig breytt.

Um framkvæmd þessarar greinar skal nánar ákveðið í reglugerð, að fengnu álitni samtaka útvegsmanna.

7. gr.

Ríkisstjórnin skal hlutast til um, að fyrir 1. jan. 1948 verði settar nýjar verðlagsreglur um alla vinnu vélsmiðja, báta- og skipasmíðastöðva og annarra, sem kunna að hafa með höndum viðgerðar- og viðhaldsstörf í þjónustu útgerðarinnar. Skulu hinar nýju reglur miðaðar við, að eigi sé leyft að leggja prósentuálagningu á þessi verk. Verðlagsreglur samkvæmt þessari grein skulu settar að fengnum tillögum samtaka útvegsmanna. Samtökum útvegsmanna skal gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa, sem hafi sama rétt og fulltrúar verðlagseftirlits ríkisins til þess að fylgjast með framkvæmd verðlagsreglnanna.

8. gr.

Frá og með 1. janúar 1948 skulu váttryggingariðgjöld fiskiskipa lækka þannig, að iðgjald af nýjum bátum og skipum verði ekki herra en 4% á ári. Sé um sérstaklega vandaða eða sterka báta og skip að ræða, skal iðgjaldið þó ekki vera herra en 3% á ári.

Váttryggingariðgjöld eldri báta skulu lækka í samræmi við ákvæði 1. málsg.

Nánari ákvæði um váttryggingariðgjöld skulu sett með reglugerð, að fengnum tillögum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal lækka verð á beitusíld, svo að það verði ekki herra en kr. 1.25 hvert kíló á vetrarvertíðinni 1948.

10. gr.

Ríkisstjórnin skal láta útgerðum þeirra skipa, sem töpuðu á síldarútgerð sumarið 1947, í té vaxtalaus stuðningslán, og skal lánunum úthlutað samkvæmt þeim

reglum, er felast í l. nr. 104 20. des. 1945, um aðstoðarlán til sildarútvegsmanna 1945. Lánin skulu veitt til 5 ára. Heimilt skal ríkisstjórninni f. h. ríkissjóðs að taka lán í þessu skyni allt að 5 millj. króna.

11. gr.

Ríkisstjórnin skal endurgreiða ekki síðar en 15. des. 1947 þær 4 krónur af verði hvers sildarmáls, sem haldið var eftir samkv. 6. gr. laga nr. 97 frá 28. des. 1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

12. gr.

Allar afborganir af lánum útvegsins, sem tryggð eru með veði í bátum, skipum, fiskiðjuverum og öðrum fasteignum og falla til greiðslu á árinu 1947, skulu falla niður, og framlengist lánstíminn um eitt ár, nema breytingar séu gerðar á lánstíma samkv. 6. gr. hér að framan.

III. KAFLI

Um sölu sjávarafurða.

13. gr.

Til þess að annast yfirstjórn allrar sölu sjávarafurða skal skipuð 5 manna nefnd, og taki hún m. a. við hlutverki þeirra nefnda, sem nú fara með þessi mál. Skulu tveir nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og einn án tilnefningar. Nefndin kys sér sjálf formann og varaformann.

Nefndin skal leitast við að samræma störf þeirra stofnana og samtaka, sem annast útflutning sjávarafurða, og skal jafnan kveðja fulltrúa þeirra á fund sinn, þegar hún fjallar um sölu á afurðum þeirra.

Nefndin tekur fullnaðarákvörðun um sölu á sjávarafurðum. Þó getur hún ekki selt sjávarafurðir undir ábyrgðarverði nema með samþykki ríkisstjórnarinnar.

Nefndin getur sent menn til útlanda til að kynna sér markaðshorfur og gera sölusamninga.

14. gr.

Ef nefndin telur ástæðu til, getur hún leyft einstaklingum eða sölusamtökum framleiðenda að selja vöru sína sjálfir og veitir útflutningsleyfi fyrir þeim vörum, enda samþykki hún verð og greiðsluskilmála.

IV. KAFLI

Innkaupastofnun þjóðarinnar.

15. gr.

Innkaupastofnun þjóðarinnar skal annast öll kaup og innflutning til landsins á vörum, öðrum en þeim, sem greinir í V. og VI. kafla. Stjórn Innkaupastofnunarinnar skal hafa samráð við ríkisstjórnina, ríkisstofnanir og við sölunefnd sjávarafurða um heildarstefnu sína í verzlunarmálum. Skulu innkaupin gerð með hliðsjón 1) af þeirri áætlun um útflutning og innflutning, sem stjórnarvöldin semja, 2) af gjaldeyrisöflun landsmanna á hverjum tíma og 3) af nauðsyn útflutningsatvinnuveganna fyrir markað.

16. gr.

Stjórn innkaupastofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum. Samband íslenskra samvinnufélaga, Alþýðusamband Íslands og samband smásölukaupmanna, ef stofnað verður, skulu tilnefna einn mann hvert, en tvo skipar ríkisstjórnin án tilnefningar.

Nú tilnefnið einhver þessara aðila ekki fulltrúa af sinni hálfu, og skal þá ríkisstjórnin skipa mann í það sæti. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, einn eða fleiri, og komi samþykki ríkisstjórnarinnar til. Stjórn og framkvæmdastjórar ákveða í sameiningu verkaskiptingu og deildafyrirkomulag. Innkaupastofnunin hefur með höndum heildsölu á vörum þeim, sem hún flytur inn.

Við úthlutun vara skulu höfð eftirfarandi sjónarmið:

1. Meðan fleiri eða færri vörur eru háðar skömmtun til neytenda, skal þeim vörutegundum úthlutað til verzlana í samræmi við afhenta skömmtunarseðla þeirra til innkaupastofunarinnar. Viðskiptamanni skal heimilt, ef verzlun hefur eigi nægilega mikið af skömmtunarvörum til þess að fullnægja eftirspurn, að afhenda henni skömmtunarseðla sína og fela henni að annast útvegum vörunnar fyrir sig.
2. Við sölu á vörum til verksmiðja skal höfð hliðsjón af innflutningshlutdeild þeirra á undanförunum árum, svo og skilubundnum skömmtunarseðlum, ef þær framleiða skömmtunarvörur.
3. Við sölu á byggingarefni skal Innkaupastofnunin sjálf setja reglur um úthlutunina í samráði við Samband byggingarféлага.

17. gr.

Álagning Innkaupastofnunarinnar skal ákveðin með reglugerð. Verðlagsstjóri annast eftirlit með álagningu Innkaupastofnunarinnar.

18. gr.

Þær ríkiseinkasölur, sem nú eru starfandi samkv. sérstöfum lögum, skulu falla undir Innkaupastofnunina.

19. gr.

Nú óskar Samband ísl. samvinnuféлага, samband annarra neytendaféлага eða samband smásölukaupmanna, ef hin síðartöldu verða stofnuð, að fá í sínar hendur innkaup á skömmtunarvörum og öðrum nauðsynjavörum almennings, eða innkaupa-samband iðnrekenda, ef stofnað verður, að fá í sínar hendur innkaup á vörum til iðnaðar, og skal þá Innkaupastofnunin veita þessum samböndum leyfi til slíkra innkaupa með eftirtöldum skilyrðum:

1. Samböndin starfi á grundvelli þeirra áætlana um innflutning, sem eru í gildi á hverjum tíma.
2. Innflutningsleyfin séu veitt eftir reglum 16. gr. um vöruúthlutun.
3. Innkaupastofnunin hafi fulltrúa af sinni hálfu til meðstjórnar og eftirlits hjá hlutaðeigandi sambandi, til þess að tryggja sameiginlega heildarstefnu í innkaupunum.
4. Samböndin skulu standa öllum opin, sem að eðlilegum hætti geta gert kröfu til að vera meðlimir slíkra samtaka.
5. Sérhver meðlimur innan sambandsins skal hafa eitt atkvæði.
6. Samböndin hlíti að öðru leyti þeim fyrirmælum, sem sett verða með reglugerð um stjórn og fyrirkomulag á innkaupum sambandanna.

Innkaupastofnunin skal þó sjálf annast innkaup og heildsölu allra þeirra vörutegunda, þar sem álagning er ekki aðeins miðuð við kostnaðarverð, heldur og ætluð til tekjuöflunar ríkisins.

20. gr.

Tekjur af Innkaupastofnuninni, að frádregnum kostnaði og eðlilegum varasjóðs-tillögum, renna í ríkissjóð. Laun stjórnar og starfsmanna skulu ákveðin af ríkisstjórn, að fengnum tillögum stjórnar Innkaupastofnunarinnar. Ríkisstjórnin skipar 2 endurskoðendur, er annast daglega endurskoðun reikninga Innkaupastofnunarinnar.

V. KAFLI

Um verzlun með veiðarfæri og aðrar útgerðarvörur og um eftirlit með verðlagi þeirra.

21. gr.

Ríkisstjórnin getur veitt samtökum útvegsmanna einkarétt til þess að flytja inn og annast heildsölu á veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum, enda hafi allir útvegsmenn rétt til þátttöku í samtökunum með jöfnum atkvæðisrétti.

Komi í ljós, að nauðsynlegt sé að taka leigu- eða eignarnámi veiðarfæraverk-smiðjur til þess að hægt sé að tryggja útvegsmönnum veiðarfærin með kostnaðarverði, er ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum samtaka útvegsmanna, að gera slíkar ráðstafanir.

Nú óska samtök útvegsmanna ekki að hagnýta sér þá heimild, sem um getur í 1. málsgr., og er ríkisstjórninni þá heimilt að taka í sínar hendur innflutning og heildverzlun með útgerðarvörur svo og að taka upp framleiðslu veiðarfæra.

Veiðarfæri og útgerðarvörur, sem ríkið flytur inn eða framleiðir, skulu seld útgerðarmönnum á kostnaðarverði.

22. gr.

Samvinnufélög útgerðarmanna hafa forgangsrétt til þess að annast smásölu á útgerðarvörum.

23. gr.

Meðan ákvæði 21. gr. eru ekki framkvæmd skal stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna hafa rétt til að tilnefna tvo trúnaðarmenn, til eins árs í senn, til þess að gæta hagsmuna útvegsmanna við verðlagningu veiðarfæra og annarra útgerðarvara.

Verðlagning veiðarfæra og annarra útgerðarvara skal miðuð við það, að þau séu seld með kostnaðarverði.

VI. KAFLI

Um verzlun með olíu.

24. gr.

Til þess að tryggja það, að olía sé seld útgerðinni á kostnaðarverði og til þess að dreifingarkostnaður verði sem minnstur skal ríkisstjórnin hafa einkaleyfi til innflutnings á hvers konar olíum og benzíni og annast heildsölu þeirra. Þar, sem félög útvegsmanna eru starfandi, skal þeim falin dreifing olíunnar til útvegsmanna á félagssvæðinu.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi fyrir oliuverzlun ríkisins eða samtök útvegsmanna hvers konar tæki til dreifingar á olíum og benzíni, sem fyrir eru í landinu, eftir því sem þörf krefur.

Í stjórn oliuverzlunarinnar skulu vera 3 menn, einn tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna og tveir skipaðir án tilnefningar.

VII. KAFLI

Um niðurfellingu tolla á ýmsum nauðsynjavörum.

25. gr.

Árið 1948 skal ekki innheimta tolla af eftirtöldum vörutegundum:

Tollskrá:

Flokkur:	Kafla:	Nr.:	Vörutegund:
II	8.	33.	Rúsínur.
—	—	34.	Sveskjur.

Flokkur:	Kafli:	Nr.:	Vörutegund:
—	9.	1.	Kaffi óbrennt.
—	—	2.	Kaffi br. eða brennt og malað.
—	—	3.	Te.
—	10.	1—7.	Korn ómalað.
—	11.	1—15.	Kornvörur til manneldis.
III	15.	3.	Hvalfeiti, hert og hert sildarlýsi.
—	15.	9—19.	Feiti og feitar oliur úr jurtaríkinu.
IV	17.	1—2.	Strásykur og höggvinn sykur.
—	21.	1.	Kaffibætir og kaffilíki alls konar.
—	23.	3—13.	Skepnufóður og úrgangsefni frá matvælaframleiðslu.
VI	28.	57—58.	Lyf.
XI	47.	13.	Vefnaður úr ull.
—	48.	5.	Tvinni.
—	—	16—18.	Ofnar vörur úr baðmull.
—	49.	6.	Tvinni.
—	—	21—30.	Ofnar vörur úr spunaefnum greinds kafla.
—	51.	7—8.	Prjónavoð, sokkar og leistar úr gervisilki og öðrum gerviþráðum.
—	51.	13—30.	Prjónavörur úr ull og öðrum dýrahárum, baðmull, hör og öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu.
—	52.	1—13.	Fatnaður og aðrar vörur úr vefnaði.
XII.	54	3—10.	Skófaternaður.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

26. gr.

Ríkisstjórnin skal láta þeim ríkisverzlunum, sem stofnaðar verða samkv. lögum þessum, í té nauðsynlegt stofnfé og heimilast henni að taka lán í því skyni, að upphæð allt að 15 millj. króna.

27. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerðum sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

28. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 200000 kr. — tvö hundruð þúsund krónum — nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Ólöglegar birgðir skal gera upptækar. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 11 frá 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum, lög nr. 72 frá 5. júní 1947, um innkaupastofnun ríkisins, svo og öll önnur lagafyrirmæli, sem koma í bága við þessi lög.

Við gildistöku laga þessara skal viðskiptanefnd afnumin, og skal stjórn Innkaupastofnunarinnar annast verkefni hennar önnur en verðlagseftirlit. Störf viðskiptanefndar vegna verðlagseftirlits falla til fjárhagsráðs.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um fátt hefur verið rætt og ritað meira hér á landi í seinni tíð en svokallaða dýrtíð og nauðsyn þess að vinna bug á henni. Núverandi ríkisstjórn hefur gert

Það að aðalstarfi sínu að halda uppi þessum umræðum og það án þess, að hún hafi fram að þessu borið fram nokkra tillögu um lausn vandamálna. Rauði þráðurinn í öllum umræðunum um dýrtíðarvandamálin frá hendi núverandi ríkisstjórnar hefur verið lækkun kaupgjalds og launa. Þessi áróður hefur allur beint að því að reyna að sannfæra almenning um það, að eina orsök dýrtíðar séu há laun og því sé lækkun á launum eina ráðstöfunin, sem þarf til að leysa vandamálin. Það þarf raunar tæpast að taka það fram, að þetta er fjarri öllum sanni. Sú lækkun launa og kaupgjalds, sem orðið hefur, stafar að langmestu leyti af þeirri dýrtíð, sem orðið hefur í landinu. Kaupgjald og laun yfirleitt voru að visu óeðlilega lág fyrir stríð, sem stafaði af því stöðuga kreppu- og atvinnuleysisástandi, sem borgaraflokkunum tókst að koma hér á og viðhalda, og hefur verkalýðshreyfingin leiðrétt þetta þjóðarkeildinni til mikils gagns. Langmestur hluti þeirra launahækkana, sem orðið hafa, stafar af því, að dýrtíð og verðlag í landinu hefur gert þær óhjákvæmilegar.

Orsakir dýrtíðarinnar eru vitanlega mjög margvíslegar, og sumar af þeim orsökum og ekki þær veigaminntu stafa af atburðum, sem skeð hafa erlendis og ekki er á færi Íslendinga að hindra. Aðrar stafa beinlínis af ráðstöfunum íslenskra stjórnarvalda og eru því alveg á valdi þjóðarinnar að fyrirbyggja. Þær orsakir felast í því hvorutveggja, að ísl. stjórnarvöld hafa gert ráðstafanir, sem hafa orðið til þess að stórauka dýrtíðina, eða ekki gert í tíma ráðstafanir til þess að hindra, að áhrif af viðburðum erlendis yllu óeðlilegri dýrtíð í landinu.

Frá sjónarmiði Sósíalístaflokksins var það ein höfuðorsök gjaldeyrisskorts, atvinnuleysis og þeirra vandamála, sem atvinnuvegirinnir eiga nú við að stríða vegna dýrtíðarinnar, að höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegurinn, var ekki búinn þeim tækjum, hvorki hvað snerti fiskiskip og báta né heldur verksmiðjukosti í landi til þess að geta staðið undir þörfum þjóðfélagsins fyrir gjaldeyri og atvinnu. Ástandið í þessum efnum fyrir stríð var með slíkum ósköpum, að enginn hefur treyst sér til að mæla því bót. Fiskiflotinn var bæði lítill og auk þess voru flest skipin og bátarnir of gömul og mjög dýr í rekstri. Auk þess var verksmiðjukosturinn í landi allt of lítill. Sildarverksmiðjurnar höfðu ekki nærri undan að vinna síldina, ef nokkuð veiddist, hraðfrystihús voru svo fá og smá, að þau gátu ekki unnið úr nema örlitlum hluta af fiskaflanum. Þær stjórnir, sem hér sátu að völdum fyrir stríð, létu reka á reiðanum og andavaraleysi þeirra í sjávarútvegs- málum gekk meira að segja svo langt, að eftir að flestir saltfisksmarkaðir landsins höfðu lokazt, voru ekki gerðar neinar stórfelldar ráðstafanir til þess að koma upp hraðfrystihúsum eða öðrum fiskiðjuverum.

Ástæðan fyrir því, að hægt var þó að halda úti hinum gamla og úrelta fiskiflota, og það þó ekki hafi verið hægt að gera annað við aflann en að salta hann, umfram það lítilræði, sem fyrir stríð var hægt að flytja út af ísfiski, var sú, að í landinu voru að staðaldri þúsundir manna atvinnulausar og þeir, sem atvinnu höfðu, unnu fyrir svo lítið kaup, að á engan hátt var mannsæmandi. Það var með öðrum orðum örbirgð almennings, sem gerði það kleift að halda sjávarútveginum gangandi með hinum úreltu tækjum.

Eftir að stríðið byrjaði og atvinna varð nóg handa öllum við föst störf í landi, var augljóst, að miklir erfiðleikar yrðu á því að halda sjávarútveginum gangandi með hinum lélegu tækjum. Þetta kom ekki að verulegri sök á meðan markaður í Englandi fyrir ísfisk var ótakmarkaður og það fyrir hátt verð. En það hlaut að vera öllum ljóst, að hin mikla ísfisksala var styrjaldarfyrirbrigði, enda kom það á daginn. Þegar fór að líða á stríðið, varð sá markaður sífellt óstöðugri, og eftir að stríðinu lauk, kom það fljótt í ljós, að ekki var hægt að treysta honum.

Í sjávarútveginum íslenska var um tvennt að velja, annars vegar að láta sér nægja þau ófullkomnu og úreltu tæki, sem notazt var við fyrir stríð, og til þess að hægt væri að reka þau með að hverfa til sama ástands í atvinnumálum og var fyrir

stýrjöldina, stórlækka launin og tekjurnar og koma á atvinnuleysi, til þess að ætíð væri fyrir hendi stór hópur manna, sem einskis annars átti úrkosta en að taka vinnu á úreltu fiskiskipunum fyrir lágt kaup. Hins vegar að ráðast í stórfellda nýsköpun á sviði sjávarútvegsmála, afla nýrra og fullkominna togara og fiskibáta, byggja síldarverksmiðjur, hraðfrystihús, beinamjölverksmiðjur og fleiri verk-smiðjur til vinnslu fiskmetis og leggja áherzlu á að hagnýta sem fullkomnastar vélar í hvivetna. Á þessa leið benti Sósíalístaflokkurinn sem þá einu, er gæti leitt til þess að skapa fullkomið atvinnuöryggi í landinu, þannig að ekki þyrfti að koma til atvinnuleysis og allir gætu búið við mannsæmandi kjör. Sósíalístaflokkurinn hafði þegar fyrir stríð flutt tillögur um það á þingi, að ráðizt væri í stórfellda endurnýjun fiskiflotans, en þeim tillögum var illu heilli ekki sinnt.

Rökin fyrir því að fara leið Sósíalístaflokksins voru mjög sterk, einkum þegar það var athugað, að gjaldeyrisforði sá, sem þjóðin hafði safnað á stríðstímanum, gerði þjóðinni kleift að ráðast í þessar aðgerðir án þess að stofna til skulda erlendis.

Þó að leið nýsköpunarinnar hafi verið sú eðlilegasta og raunar ekki hægt að skáka gegn henni neinum frambærilegum rökum, var þó langt frá því, að hún hlyti viðurkenningu meiri hluta Alþingis bardagalaust.

Auðmenn Reykjavíkur töldu það öruggast hagsmunum sínum, að sem allra minnstar breytingar væru gerðar. Ný og góð fiskiskip og fullkomin fiskiðjuver hlutu að verða til þess að draga völd úr höndum þeirrar stéttar manna í Reykjavík, sem rakaði að sér óhóflegum gróða í skjóli þess, að þeir fengu til ráðstöfunar gjaldeyri þjóðarinnar sér að kostnaðarlausu og án þess að taka á nokkurn hátt þátt í þeirri áhættu, sem fylgdi því að framleiða hann. Ný og fullkomin atvinnutæki dreifð um landið hlutu að rýra völd og áhrif þessara gróðamanna og þá um leið rýra gróðamöguleika þeirra. Frá hendi þessara manna var rekinn magnaður áróður fyrir því, að ekki yrði ráðizt í öflun nýrra tækja eða byggðar verksmiðjur. Þeir höfðu um fyrirætlanir sínar falleg orð og sögðu, að áður en ráðizt væri í kaup á nýjum fiskiskipum og byggingu fiskiðjuvera yrði að tryggja fjárhagsgrundvöll atvinnulífsins.

Hið þröngsýna sjónarmið auðmanna Reykjavíkur var boðað af miklum krafti af ríkisstjórn Björns Þórðarsonar. Sú stjórn taldi það sitt hlutverk að reyna að sannfæra þjóðina um, að henni bæri að hafast ekkert að í nýsköpun atvinnulífsins á Íslandi fyrr en búið væri að stórlækka kaupið og skapa hér jafnvægi í atvinnulífinu, sem svo var kallað, það er, að komið væri nægilegt atvinnuleysi til þess að menn tækju með þökkum því, sem að þeim væri rétt, bæði hvað snerti laun, vinnuskilyrði og vinnuöryggi. Stjórn Björns Þórðarsonar sat að völdum í nærri tvö ár og fylgdi fram þessari stefnu, að ekki yrði ráðizt í neina nýsköpun atvinnuveganna.

Haustið 1944 var svo komið, að stefna Sósíalístaflokksins um nýsköpun á sviði ísl. sjávarútvegs til þess að skapa almenningsöryggi um næga atvinnu við góð lífskjör, með nýjum og fullkomnum fiskiskipum og bátum og fullkomnum fiskiðjuverum til þess að hægt væri að vinna til hlýtar úr aflanum, átti svo almennu fylgi að fagna með þjóðinni, að þingmenn borgaraflokkanna gátu ekki lengur skellt skollaeyrunum við henni.

Með samstarfi þriggja flokka, Sósíalístaflokksins, Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, var í okt. 1944 mynduð ríkisstjórn, sem gerði það að aðalatriði í stefnuskrá sinni að afla atvinnuvegunum nýrra og fullkominna tækja, og þá einkum sjávarútveginum, og verja til þess megninu af hinum erlendu innstæðum. Ekki er ástæða til þess að rekja hér störf og framkvæmdir þeirrar stjórnar, það hefur verið gert oft áður.

Þegar nýsköpunarstjórnin var mynduð, skarst einn flokkurinn, Framsókn, úr leik og vildi ekki eiga þátt í því átaki, sem gera átti á sviði atvinnumálanna. Framsóknarflokkurinn tók sér hlutverk ríkisstjórnar Björns Þórðarsonar og hamraði stöðugt á því, að ekki mætti ráðast í kaup nýrra framleiðslutækja, ekki kaupa ný

skip eða báta eða byggja verksmiðjur fyrr en húið væri að skapa öruggan fjárhagsgrundvöll fyrir atvinnulífið, þ. e. lækka kaupið og minnka atvinnuna. Þessum lestri fylgdi hjáróma söngur um ægilega kreppu, óhjákvæmilegt hrun og hvers konar voða, ef út í stórhuga framkvæmdir yrði lagt. Framsóknarflokkurinn gerði sjónarmið þröngsýnustu auðmanna Reykjavíkur að sínum og hafði allt á hornum sér, sem gert var til eflingar atvinnulífinu. Þessi söngur Framsóknarflokksins var eins og gefur að skilja hjáróma og fann ekki hljómgrunn með þjóðinni, enda kom það greinilega í ljós í síðustu kosningum, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar fylgdi nýsköpunarstefnunni.

Það var og vitað frá upphafi, að innan Sjálfstæðisflokksins var mikil andstaða gegn nýsköpunarstefnunni. Það voru áhrif hinna þröngsýnu peningamanna, sem vildu fyrir hvern mun hindra framkvæmd nýsköpunarinnar og koma á sams konar ástandi í atvinnu- og fjárhagsmálum eins og hér var fyrir strið. Þessi öfl færðu sig mjög upp á skaftið og stefndu að því að koma nýsköpunarstjórninni frá. Nýsköpunin var eitru í þeirra beinum og þeim fannst þegar húið að gera allt of mikið. Nú hafa þessi afturhaldsöfl orðið ofan á í flokknum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur snúið við blaðinu. Áður starfaði hann að framkvæmd nýsköpunar í atvinnulífinu, þrátt fyrir hrunsöng afturhaldsseggjanna. Nú er öllu snúið öfugt. Bjarni Benediktsson, hæstv. utanríkismálarh., gengur fram fyrir skjöldu til þess að ófrægja fyrrverandi ríkisstjórn og sannfæra menn um, að hennar stefna í atvinnumálum hafi verið röng. Hrunsöngurinn, sem Framsókn var mikið til ein um í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, er nú orðinn sameiginleg trúarjátning stjórnarflokkanna þriggja. Hlutverk núverandi ríkisstjórnar er í samræmi við þennan söng og hagsmuni þeirra þröngsýnu auðmanna, sem að henni standa. Stjórnin virðist hafa þessi þrjú höfuðverkefni: 1) að stöðva nýsköpunina, 2) að stöðva atvinnuframkvæmdir yfirleitt og koma á atvinnuleysi, og 3) að lækka lífskjör almennings. Þetta telur stjórnin sig þurfa að gera til þess að hér aftur á því ástandi, sem var fyrir strið, en það virðist vera óskadraumur hennar.

Ríkisstjórnin hefur farið mjög dult með, hvaða tillögur hún ætlar að bera fram, ef hún er þá búin að taka um það nokkrar ákvarðanir. Hin ýmsu vandamál bíða óleyst og Alþingi er starfslaut. Almennt var húizt við því, að ríkisstjórnin, sem tók við völdum í byrjun febrúar s. l. og sífellt hefur hamrað á því, að þjóðin væri komin á glötunarbarm og að ekkert gæti bjargað henni annað en djarfar og gagngerðar, en þó umfram allt skjótar dýrtíðarráðstafanir, skuli ekki hafa haft neinar tillögur að leggja fyrir Alþingi, er það kom saman 1. okt.

Með frv. því, er hér liggur fyrir, leggur Sócialistaflokkurinn fyrir Alþingi megintillögur sínar um lausn á vandamálum dýrtíðarinnar og atvinnuveganna. Sócialistaflokkurinn er þeirrar skoðunar, að í þeim vanda, sem að þjóðinni steðjar, sé fyrst og fremst tvenns að gæta. Í fyrsta lagi að tryggja það, að aðalatvinnuveginum, sjávarútveginum, verði gert kleift að starfa óhindrað og af fullum krafti að framleiðslustarfi sínu, til þess að tryggja þjóðinni sem mestan gjaldeyri. Í öðru lagi, að breytt verði því skipulagi, sem nú ríkir í verzlunarmálunum, til þess að unnt verði að gæta meiri sparnaðar á gjaldeyri en gert er nú, og til þess að öruggt sé, að gjaldeyrinum verði fyrst og fremst varið til þess að tryggja atvinnulífið í landinu, ásamt kaupum á lífsnauðsynjum. Um þetta tvennt hljóta allar raunhæfar tillögur til lausnar á vandamálunum að snúast, því að aðalerfiðleikarnir, sem þjóðin á við að stríða, koma einmitt fram í því, að gjaldeyrisframleiðslan er of lítil og ráðstöfun þess gjaldeyris, sem afað hefur verið, er mjög ábótavant. Höfuðefni frv. eru því ráðstafanir til að auka framleiðslugetu sjávarútvegsins og til þess að tryggja betri hagnýtingu gjaldeyrisins. Ef þjóðinni tekst að auka gjaldeyrisframleiðsluna og tryggja betri ráðstöfun gjaldeyrisins, verða öll önnur vandamál miklu auðveldari viðfangs.

Öruggur rekstur bátaútvegsins er ekki aðeins hagsmunamál sjómanna og útvegsmanna, heldur óhjákvæmileg nauðsyn heildarinnar.

Eins og nú háttar rekstri bátaútvegsins, verður að gera róttækar aðgerðir honum til hagsbóta, ef tryggja á reksturinn og afkomu þeirra, sem við hann vinna.

Þær ráðstafanir, sem frv. þetta gerir ráð fyrir til stuðnings bátaútveginum, miðar jöfnum höndum að því að tryggja bátaútgerðinni sem hagstæðast verð fyrir framleiðsluna og hinu, að lækka rekstrarkostnaðinn eftir föngum, án þess þó að ráðast á lífskjör þeirra, sem við framleiðsluna vinna.

Þeir, sem kunnugir eru rekstrarafkomu bátaútvegsins, telja, að framkvæmd á tillögum frumvarpsins um lækkun á rekstrarkostnaði útvegsins mundi nema á meðalfiskibát yfir árið sem hér segir:

	Lækkun:
1. Vaxtagreiðslur	kr. 15000.00
2. Vátryggingar	— 10000.00
3. Veifaræraútgjöld	— 12000.00
4. Viðhaldskostnaður	— 8000.00
5. Beitukostnaður	— 5000.00
6. Oliukostnaður	— 5000.00
Samtals	kr. 55000.00

Á sumum bátum mundi lækkunin nema talsvert hærri upphæð, en á öðrum eitt-hvað lægri, því að aðstæður eru mjög misjafnar.

Slík lækkun á rekstrarútgjöldum mundi að sjálfsögðu gerbreyta afkomu bátaútvegsins. Rekstrinum væri snúið úr taprekstri eða lélegri afkomu í góða afkomu.

Með lækkun á kaupverki verkafólks er ómögulegt að lækka rekstrarkostnað bátaútvegsins svo nokkru verulegu nemi. Það mun t. d. láta nærri, að fella yrði niður öll vinnulaun, önnur en aflahlut, í rekstrarútgjöldum meðalfiskibáts til þess að ná eins mikilli lækkun í útgjöldum og að framan er sagt. Þá er þess einnig að gæta, að vinnulaunakostnaðurinn hvílir að mestu leyti óbeint á bátaútveginum, þ. e. í veiðarfærakostnaði, viðhaldskostnaði, oliukostnaði o. s. frv., og er því óvíst, hvort lækkun verkalauna komi útgerðinni til góða nema að nokkrum hluta.

Þær ráðstafanir, sem lagt er til í frv., að gerðar verði til stuðnings útveginum, miða að beinni lækkun á rekstrarkostnaði, sem auðveldlega mætti koma fram án þess að skerða í nokkru afkomu þeirra, sem við útgerðina starfa.

Á þessu ári hefur orðið mjög mikil verðhækkun á nær öllum útflutningsvörum landsmanna, og munu þær færa þjóðinni mun meiri gjaldeyri en nokkru sinni fyrr. Nú fer fram afarmikil verðhækkun á öllum matvörum á heimsmarkaðinum, svo að víst má telja, að á næsta ári fái Íslendingar enn stórum meira verðmæti fyrir afurðir sínar, ef stjórnarvöldin vilja selja þær fyrir fáanlegt verð. Það er því enginn grundvöllur fyrir svartsýni og barlóm. Íslendingar geta horft fram á veginn með hjartsýni og stórhug. En til þess að tryggja sem bezt öryggi í atvinnulífi þjóðarinnar, er eigi að síður nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að halda vísitölunni stöðugri og láta hana ekki fara svo nokkru nemi yfir 300 stig, eins og nú standa sakir. Þetta er auðvelt að tryggja með aðgerðum þeim, sem í þessu frumvarpi felast. Með tollalækkuninni er hægt að lækka vísitöluna um rúm 20 stig, og er ekki óvarlega áætlað, að með hinni nýju skipun verzlunarmálanna mætti enn lækka hana um annað eins. Þessi verðlækkun á erlendu vísitöluvörum mundi svo hafa í för með sér enn frekari lækkun vísitölnnar vegna verðlækkunar á innlendum framleiðsluvörum, sem af henni leiðir. Mætti vafalaust áður en lýkur ná því marki að lækka þannig vísitöluna um alls 50—60 stig. Er þá hægt að gera hvort tveggja í senn, að láta vísitöluna lækka og minnka niðurgreiðslurnar, og má þannig hafa það í hendi sér að halda vísitölunni stöðugri á því marki, sem heppilegast þykir. Með þessum ráðstöfunum er með öðrum orðum algerlega hægt að ná valdi yfir dýrtíðinni.

Ef þetta frv. næði fram að ganga, er rétt og nauðsynlegt að gera fleiri ráðstaf-

anir, sem Sósíalístaflokkurinn hefur gert tillögur um, svo sem um endurskoðun á grundvelli landbúnaðarvísitölunnar, um ráðstafanir til að lækka húsaleigu í nýjum húsum, um fjáröflun, m. a. til að mæta því, sem ríkissjóður missir í vegna afnáms tolla o. s. frv. Munu þessar tillögur verða fluttar í frumvarpsformi, þegar séð verður, hvort Alþingi vill hverfa að þeim leiðum, sem bent er á í frumv. þessu.

Samþykktir 6. flokksþings Sósíalístaflokksins um lausn á vandamálum dýrtíðarinnar og ráðstafanir til að tryggja rekstur atvinnuveganna eru prentaðar sem fylgiskjal með frv. þessu.

Hér fara á eftir athugasemdir og skýringar við einstakar greinar.

Um I. kafla.

Hér eru ákvæði um fiskábyrgð fyrir bátaútveginn árið 1948. Þessi kafla er í meginatriðum samhljóða lögum nr. 97 frá 28. des. 1946, um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl. Gert er ráð fyrir sömu ábyrgðarupphæð og í fyrra, þ. e. 65 au. fyrir kg af þorski og ýsu, slægðum með haus, og kr. 1.33 fyrir pund af hraðfrystum flökum og kr. 2.25 fyrir kg af saltfiski. Er hér gengið út frá því, að þær aðrar ráðstafanir, sem frv. felur í sér, nái fram að ganga og muni þá útvegurinn betur settur með þetta verð nú en hann var í fyrra. Verði þessar ráðstafanir ekki gerðar, er óhjákvæmilegt, að fiskverðið hækki.

Á það skal bent, að öll þau sömu rök, sem lágu að því að veita fiskábyrgð á þessu ári, eru fyrir hendi nú. Rökin, sem mæla með ríkisábyrgð á fiskverði, eru í stuttu máli þessi:

1. Enn er ósamið um afurðir næsta ár og því óvissa um söluverðið á erlendum markaði.

2. Ekki er að búast við því, að hægt verði að fá menn á bátana nema þeir viti um fiskverðið fyrirfram og hafi tryggingu fyrir því, að hluturinn verði greiddur þeim nokkurn veginn jafnóðum.

3. Útvegurinn er svo illa staddur fjárhagslega, að hann þarf á miklu lánsfé að halda til rekstrar, sem ekki eru líkur til, að fáist nema vissa sé um verðið.

Ákvæði 6. gr. fiskábyrgðarlaganna um, að ríkisstjórninni væri heimilt að taka af sildarútveginum það fé, sem hún kynni að þurfa að greiða vegna fiskábyrgðarinnar, er að sjálfsgöðu fellt niður hér. Þetta ákvæði var í fyllsta máta óréttlátt, þar sem sildarútgerðin var þegar í fyrra búin að verða fyrir stóraföllum bæði árin 1945 og 1946. Nú hefur þriðja sildarleysisárið bætzt við, svo að búast má við, að jafnvel ýmsir þeirra, sem greiddu atkvæði með þeim álögum á sildarútveginn í fyrra, treysti sér ekki til þess nú.

Um II. kafla.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að vextir útvegsins verði lækkaðir í 2½% p. a. Útlánsvextir stofnlánadeildarinnar eru 2½%, en svo sem kunnugt er, hafa sárafáir orðið aðnjótandi þeirra lána aðrir en þeir, sem hafa látið smíða sér skip erlendis og því getað fengið hin svokölluðu A-lán. Með lögnum um stofnlánadeild sjávarútvegsins hefur löggjafinn viðurkennt réttmæti þess að vextir útgerðarinnar séu 2½%. Það er því full ástæða til þess, að útgerðin almennt verði látin njóta þessara vaxtakjara, enda full nauðsyn að lækka útgjöld hennar. Það er engin ástæða til þess að gera nokkurn mun á því, hvort bátur er nýr eða gamall, og því síður hvort hann er smíðaður innanlands eða utan. Ef um eldri báta er að ræða, mundi verða lánað minna út á þá, en ekki höfð verri vaxtakjör. Sama má segja um fiskvinnslustöðvar. Engin ástæða er til, að vextir séu hærrí á hinum eldri.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir, að vextir af rekstrarlánnum útgerðarinnar og verksmíðja, sem vinna úr aflanum, lækki líka í 2½% p. a., þannig að sú vaxtaupphæð verði almennt gildandi fyrir sjávarútveginn.

Þá eru í 3. mgr. ákvæði, sem fela ríkisstjórninni og veita henni vald til þess að framkvæma lánabreytingar, sem tryggja öllum fiskiskipum og verksmiðjum, sem vinna úr fiskinum, 20—30 ára lán, miðað við ný skip og verksmiðjur. Þetta er mjög aðkallandi, því að ein höfuðorsök erfiðleikanna hjá stórum hluta útvegsins stafar af því, að hann hefur ekki getað fengið lán til nægilega langs tíma, heldur hefur lánin í vixlum, sem alltaf hanga eins og fallöxi yfir honum.

Um 7. gr.

Hér eru ákvæði, sem tryggja útveginum lækkun á viðgerðarkostnaði. Viðgerðarkostnaður er gifurlegur og veldur hverju útgerðarfyrirtæki stórfellum útgjöldum. Hér er verðlagsyfirvöldunum upp á lagt að afnema hina svokölluðu prósentu-álagningu, sem er í alla staði mjög óeðlileg, og setja önnur fyrirmæli þar um, að fengnum tillögum samtaka útvegsmanna.

Um 8. gr.

Vátrygging hinna nýju fiskibáta og skipa er gifurlegur útgjaldapóstur. Vátryggingariðgjaldið hefur verið allt að 8% á ári. Af bát, sem er vátryggður fyrir 600 þús. kr., er hér um að ræða 48 þús. kr. útgjöld á ári, og sér hver maður, að þetta getur ekki gengið. Sum af vátryggingarfélagunum hafa lækkað nokkuð tryggingariðgjaldið úr 8%, og lengst mun tryggingarfélag vélbáta í Reykjavík hafa gengið. Nýju togararnir eru tryggðir yfirleitt fyrir 3% á ári. Ýmis hinna smærri fiskiskipa eru þannig, að engin ástæða er til að heimta af þeim hærra iðgjald en togurunum. Það er nú orðið bráðnauðsynlegt, að tryggingariðgjöld bátaflotans séu lækkuð, og því er í greininni gert ráð fyrir, að séð verði um, að lækkunin komi til framkvæmda frá næstu áramótum.

Um 9. gr.

Eftir að síld fór að veiðast mikið í Faxaflóa, hefur verð á henni til frystingar lækkað svo mikið, að fullir möguleikar eru á að lækka hana að minnsta kosti í kr. 1.25. Gengið er út frá því, að ríkisstjórnin láti rannsaka þetta atriði ýtarlega og lækka verðið svo sem unnt er. Beitukostnaður er mjög stór liður í útgerðarkostnaðinum, eða allt að 50 þús. kr. á 50—60 tonna bát.

Um 10. gr.

Eftir þriðja sildarleysisárið er óhjákvæmilegt að veita sildarútveginum einhverja aðstoð. Það hefur þegar valdið þjóðinni miklu tjóni, að stór hluti bátaflotans hefur ekki getað hreyft sig vegna þeirra tapa, sem hann varð fyrir á sildarvertíðinni, og við svo búið má ekki lengur standa. Ástæðurnar fyrir aðstoð eru miklu meiri nú en var 1945, og því óverjandi að láta útgerðinni ekki þessa aðstoð í té.

Um 11. gr.

Samkvæmt 6. gr. fiskábyrgðarlaganna (þ. e. sildarkúfnum) lét ríkisstjórnin taka kr. 4.00 af verði hvers síldarmáls á s. l. sildarvertíð. Hér er lagt til, einkum vegna þess, hvernig vertíðin fór, að síldareigendum verði endurgreiddar þessar 4 krónur. Samtals mun hér vera um nokkuð á fjórðu milljón króna að ræða.

Um 12. gr.

Þetta ákvæði mundi létta undir með útgerðinni mjög mikið. Eftirgjöf á greiðslu afborgana þetta ár er mjög eðlileg ráðstöfun, sem kemur útveginum að miklu haldi, en veldur ekki útgjöldum.

Um III. kafla.

Hér er lagt til, að mynduð verði ein allsherjarstjórn yfir útflutningsverzlun með sjávarafurðir, þar sem útvegsmönnunum og sjómönnunum eru tryggð úrslitayfir-

ráð. Það er mjög nauðsynlegt, að sala íslenzkra afurða erlendis og markaðsöflunin yfirleitt sé ekki dregin inn í pólitískar deilur og að um þau mál geti ríkt friður og eindrægni. Bezta trygging þess er sú, að fela afurðasöluna útvegs mönnum og sjómönnum, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við sölu afurðanna. Ef þessum aðilum er falin salan, þá er tryggt, að einskis verður látið ófreistað til þess að selja vörurnar fyrir sem hæst verð, og þá ætti enn fremur að vera hægt að komast hjá því, að pólitískir fordómar verði látnir standa í vegi fyrir því, að afla verði nýrra markaða. Núverandi ríkisstjórn leggur á það höfuðáherzlu að beina útflutningnum sem mest til þeirra landa, sem henni falla best í geð, og hefur þá minna hirt um það að fá gott verð fyrir vöruna. Við svo búið má ekki standa, og þá er sú lausn að fela útvegs mönnum og sjómönnum forustu þessara mála eðlilegust, enda ætti að geta orðið eining um þá lausn.

Um IV. kafla.

Tilgangurinn með því að setja upp Innkaupastofnun þjóðarinnar er þrens konar:

1) Lækka vöruverðið með því að gera innkaupin til landsins og heildsöluna á vörunum ódýrari. Þjóðfélagið losnar við þau miklu útgjöld, sem það er fyrir þjóðarþúið að hafa yfir 200 heildsala starfandi að innkaupunum. Enn fremur tryggir þjóðin sér, að reynt sé að kaupa sem ódýrast inn, þar sem heildsalarnir hins vegar hafa beinlínis haft hag af að kaupa dýrt, sökum þess að þeir hafa fengið að leggja því meira á vöruna, því dýrari sem hún var. Þá skapar það og þjóðinni möguleika til ódýrari innkaupa að kaupa inn í einu lagi ýmsar nauðsynjar sínar, í stað þess að láta mörg hundruð verzlunarir keppast um að kaupa á erlendum markaði og beinlínis hækka vöruna með margfaldaðri eftirspurn sinni.

2) Beina viðskiptum vorum til þeirra þjóða, sem kaupa af oss. Reynslan hefur sýnt, að erfitt er, að geta svo að segja notað kaupgetu þjóðarinnar til þess að tryggja henni markað, með því að láta eins marga annast innkaupin og nú er. Ef þjóðin á að geta notið hamkvæmra viðskipta við þær þjóðir, sem hún selur mest til, þarf hún helzt að geta samið um kaup á nauðsynjum sínum um leið og hún selur útflutningsafurðirnar. Og slíkt er erfitt, nema innkaupin séu sem mest á einni hendi og gerð samkv. fyrirfram útreiknuðum þörfum þjóðarinnar.

3) Beina fjármagninu og þar með í vaxandi mæli vinnuafli og atorku þjóðarinnar að framleiðsluatvinnugreinunum. Hingað til hefur verzlunin alltaf verið ábatasamasti atvinnuvegur landsmanna, ef litið er á það frá sjónarmiði einstaklingsins. Hins vegar blandast engum hugur um, að framleiðsluatvinnuvegirnar, sjávarútvegur, iðnaður og landbúnaður, eru þeir atvinnuvegir, sem beina verður atorku þjóðarinnar að. Slíkt mun hins vegar ekki takast, meðan gróðamöguleikar eru mestir í verzluninni og lokka til sín fjármagn og framagjarna menn. Þess vegna verður að afnema gróðamöguleikana í innflutningsverzluninni. Og það yrði samkv. þessu frv. gert með því að taka innflutningsverzlunina í hendur þjóðarinnar sjálfar, þ.e.a.s. ýmist ríkisins eða þeirra samtaka með þjóðinni, sem ynnu í hennar þágu með því að útvega þeim, sem af þeim kaupa (kaupfélögum, kaupmönnum, iðnrekendum o. s. frv.) vöruna sem ódýrast, en væru alls ekki rekin út frá því sjónarmiði að taka milliliðagróða sjálf.

Það er auðséð, að öll milliríkjaverzlun færir meir og meir í það horf að vera samningum háð milli tveggja ríkja í hvert sinn. Það væri þjóðinni stórhættulegt að láta óskadraum um annað fyrirkomulag, „frjálsa“, almenna heimsmarkaðsverzlun, villa sér sýn. Sjálfsblekkingar í þá átt hafa þegar valdið þjóðinni stórtjóni og munu bæði spilla fyrir henni markaðsmöguleikum og torvelða henni öflun nauðsynlegra tækja, ef ekki verður horfið að því ráði að skipuleggja jafnt útflutning sem innflutning með þjóðarhag fyrir augum. Þess vegna er það fyrirkomulag, sem hér er lagt til að taka upp: Innkaupastofnun þjóðarinnar, er annast innflutningsverzlun landsmanna, óhjákvæmileg nauðsyn, ef þjóðinni á að verða fært í senn að tryggja sér

markaði með vöruskiptasamningum og tryggja sér sem hagkvæmast þær vörur, er hún þarf að afla sér.

Það skal tekið fram, að með þeirri sameiningu á innkaupum þjóðarinnar, sem farið er fram á í þessum kafla, er síður en svo átt við að draga meira vald en nú er saman á einn stað, í Reykjavík. Einmitt þau samtök, sem samkvæmt þessum lögum fengju áhrifavald á verzlunartilhögunina, mundu tryggja það, að sem mest af innflutningnum til staðanna utan Reykjavíkur færi þangað beint, og skipulag Innkaupa- stofnunarinnar og innkaupasamtakanna, samkvæmt reglugerð ríkisstjórnarinnar, yrði að miðast við að fullnægja miklu betur en hingað til þörfum landsmanna almennt. Sósíalístaflökkurinn hefur áður borið fram tillögur á Alþingi (brtt. við frv. um fjárhagsráð) um að tryggja rétt hinna ýmsu landshluta til innflutningsins miklu betur en nú er gert. Væri hægt bæði með tilhögun þeirri, er höfð væri á stjórn Innkaupa- stofnunarinnar, og með reglugerð að framkvæma höfuðatriði þeirra tillagna, og er það hin mesta nauðsyn.

Um V. kafla.

Veiðarfærakostnaður bátaútvegsins er orðinn mjög tilfinnanlegur úgjaldaliður, sem stöðugt fer hækkandi. Landssamband ísl. útvegsmanna hefur gert sér þetta ljóst, og var það því eitt af höfuðverkefnum innkaupadeildar þess, þegar hún var stofnuð, að taka upp verzlun með veiðarfæri til þess að geta aflað útveginum veiðarfæra með kostnaðarverði. Í þessari viðleitni hefur innkaupadeild L.Í.Ú. átt í mjög miklum örðugleikum og vegna þess, hvernig ýmsir innflytjendur og framleiðendur veiðarfæra gerðu þeim erfitt fyrir. Eðlilegasta lausn þessa máls er að heimila samtökum útvegsmanna að taka alla veiðarfæra- verzlun í sínar hendur og þá jafnframt verzlun með þær útgerðarvörur, sem þeir teldu henta fyrir útgerðina, að samtök útvegsmanna önnuðust sjálf sölu á. Ef það væri talið heppilegt, að samtök útvegsmanna önnuðust framleiðslu veiðarfæra innanlands, er sjálfsagt að fela þeim það. Mundi þá helzt koma til greina sú veiðarfæraframleiðsla, sem rekin er í stórum stíl. Mætti í því skyni taka t. d. Veiðarfæragerð Íslands eignar- eða leigunámi til handa samtökum útvegsmanna. Það er sjálfsögð skylda löggjafans að vernda útveginn eftir beztu getu fyrir hvers konar okri, og mundi þá þessi ráðstöfun, að fela útvegsmönnum sjálfum verzlun með og framleiðslu á veiðarfærum vera bezta lausnin.

Ef samtök útvegsmanna óska ekki eftir að taka þessi störf að sér, þrátt fyrir þá miklu nauðsyn, sem á því er að lækka verð veiðarfæra, er í þessum kafla heimild til þess, að ríkið taki að sér þessi störf, þó að sú leið sé ekki eins eðlileg og að útvegsmenn annist þessi störf sjálfir.

Verði hins vegar ekki gripið til þeirra ráða að láta útvegsmenn annast sjálfa veiðarfæra- verzlun og verzlun með aðrar útgerðarvörur, né heldur að ríkið taki þessi störf að sér, er það lagt til, að útvegsmönnum verði gert kleift að fylgjast með verðlagningu veiðarfæra í landinu, til þess að sjá um, að verðlagið verði ekki hærra en svo, að veiðarfæri séu seld á kostnaðarverði.

Um VI. kafla.

Fr. leggur til, að ríkisstjórnin taki í sínar hendur allan innflutning og heildsölu á olíu og benzíni. Eins og nú er starfa að minnsta kosti þrjú stærri olíufélög, sem vinna að því að koma upp dýru dreifingarkerfi hvert fyrir sig. Auk þess er ekki ólíklegt, að fleiri olíufélög bætist þar við. Þetta verður til þess, að dreifing olíunnar verður óhóflega dýr, og verður sjávarútvegurinn að sjálfsögðu látinn greiða þann kostnað. Olíuverð til fiskiskipa hér á landi er nú 50% hærra en í Noregi. Vitað er, að innflutningsverð á olíu hér er ekki hærra en í Noregi. Verðmismunurinn stafar eingöngu af því, hve óhóflega dýr dreifing olíunnar innanlands er, auk þess milliliða gróða, sem hvert hinna mörgu olíufélaga tekur til sín. Þjóðnýting olíuverzlunarinnar mundi því hafa í för með sér stórfellda lækkun á olíuverði þegar í stað. Sjálfsagt er að veita útveginum aðstöðu til að fylgjast með í rekstri olíuverzlunarinnar, til að tryggja

hagsmuni útgerðarinnar, og því er lagt til, að Landsamband isl. útvegsmanna tilnefni einn af þrem stjórnendum olíuverzlunarinnar.

Um VII. kafla.

Hér er lagt til, að árið 1948 skuli ekki innheimtir tollar af þeim erlendum vöru- tegundum, sem vísitalan er reiknuð eftir, að búsáhöldum undanskildum. Þykir ekki ástæða að taka þau með, þar sem hlutdeild þeirra í vísitölunni er mjög lítil og enn fremur mjög erfitt að greina í milli þeirra búsáhalda, sem nauðsynleg mega teljast, og ýmiss konar lúxusvarnings, er fellur undir þann lið í tollskránni.

En vitað er, að með niðurfellingu þessara tolla mætti lækka vísitölu framfærslu- kostnaðar og þar með dýrtíðina í landinu til verulegra muna. Sem dæmi þess má nefna að árið 1943 var að tilhlutun nefndar þeirrar, er skipuð var af ríkisstjórninni til að athuga möguleika á niðurfærslu kaupgjalds og verðlags, reiknað út, hve mikið vísitalan mundi lækka við aðgerðir sem þessar. Niðurstöður þessara útreikninga urðu þær, að þannig mætti lækka vísitöluna þegar í stað um 15 stig. Enn fremur mundi sú lækkan verka til lækkanar á ýmsa aðra liði vísitölnunnar, og þannig mundi hún aftur lækka á nokkrum mánuðum um 5 stig til viðbótar. Síðan 1943 hafa vörur þær, er hér um ræðir, hækkað allmjög í verði, og voru auk þess samþykktar á síðasta þingi nýjar tollahækkanir, sem haft hafa verulega vísitöluhækkun í för með sér. Má því telja víst, að aðgerðir þær, sem hér er lagt til, að gerðar verði, muni lækka vísitöluna yfir 20 stig og síðan verka áframhaldandi til meiri lækkanar, vegna áhrifa á aðra liði, eins og áður er lýst.

Að vísu mundi þetta hafa í för með sér nokkurn tekjumissi fyrir ríkissjóð. Sá tekjumissir mundi þó að nokkru leyti vinnast upp með því, að allar launagreiðslur ríkissjóðs lækkuðu til verulegra muna.

Verður gerð frekari grein fyrir þessum atriðum við meðferð málsins.

Munu enn fremur verða fluttar tillögur um skattstofna til tekjuöflunar á móti þeim mismun, sem af þessu kann að leiða, ef útlit verður fyrir, að frumvarp þetta nái samþykki þingsins.

Fylgiskjal.

Ráðstafanir til lausnar á vandamálum dýrtíðarinnar til að tryggja og auka framleiðslu þjóðarinnar og til bættrar afkomu almennings.

(Samþykkt 6. flokksþings Sósíalístaflokksins í nóv. 1947.)

Með myndun núverandi ríkisstjórnar tóku fjandmenn nýsköpunarstefnunnar við völdum í landinu. Banka- og verzlunarvaldið sem jafnan höfðu reynt nýsköpuninni hættulegust, náðu þá enn sterkari tökum en áður á atvinnu- og fjárhagsmálum þjóðarinnar.

Sú afturhaldssama fjármálastefna, sem upp hefur verið tekin, hefur ekki að- eins stöðvað áframhald nýsköpunarinnar, heldur hefur hún einnig lamað allt at- vinnulíf þjóðarinnar og ógnar því nú með algerrri stöðvun. Fjármálastefna bank- anna og boðskapur ríkisstjórnarinnar um hrun og nauðsyn þess að rýra lífskjör almennings liggur eins og mara á þjóðinni. Það er því brýn nauðsyn, að tafarlaust verði gerðar víðtækar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þær afleiðingar, sem framhald þeirrar stefnu, sem nú er fylgt, mundi leiða yfir þjóðina. Þær ráð- stafanir, sem gera þarf, verða að fela í sér eftirfarandi meginatriði:

1. Nota verður framleiðslugetu þjóðarinnar til hins ýtrasta, þannig að hvert not- hæft atvinnutæki, sem þjóðin á og aflar sér, sé starfrækt og vinnuorka þjóðar- innar skynsamlega hagnýtt, svo að hver maður hafi ávallt verk að vinna og framleiðslumagn þjóðarinnar vaxi að eðlilegum hætti.

2. Að keppt verði að því með skipulögðum hætti að ná sem hagkvæmustu verði fyrir útflutningsvörurnar og að framleiðsla þjóðarinnar verði nýtt og unnin að fullu.
3. Að gjaldeyrir þjóðarinnar sé notaður til skipulagðra innkaupa á nauðsynjum hennar með hagsmunum neytendanna og atvinnuveganna fyrir augum, en milli-liðagróðinn útilokaður.
4. Að þeir, sem að framleiðslunni starfa, njóti fyrst og fremst vaxandi verðmætis hennar, svo að vinnuorka og fjármagn beinist til framleiðsluatvinnuveganna. Til þess að ná þessu marki verði m. a. gerðar eftirfarandi ráðstafanir:

I. Ráðstafanir til að tryggja rekstur útgerðarinnar.

1. Ríkið ábyrgist bátaútveginum a. m. k. jafnhátt fiskverð á næsta ári og ábyrgzt hefur verið í ár. Sams konar ábyrgð verði veitt hraðfrystihúsunum og útgerðinni tryggðir sölumöguleikar á aflanum og aðstaða til að koma honum á markað.
2. Vextir af öllum lánnum til útgerðarinnar verði lækkaðir niður í 2½%.
3. Lánstími fastra lána eða stofnlána útgerðarinnar og fyrirtækja, sem rekin eru í beinu sambandi við útgerðina, skal lengdur verulega frá því, sem nú er. Þannig skal miðað við, að lán út á ný skip og báta og nýjar verksmiðjur séu 20 til 30 ára lán.
4. Til lækunar á viðhaldskostnaði útgerðarinnar skal afnumin sú regla, sem heimilar verkstæðunum fasta hundraðstöluálagningu á efni og vinnulaun. Strangar reglur séu settar um verðlagningu verkstæðanna, og fái samtök útvegsmanna vald til að fylgjast nákvæmlega með framkvæmd þeirra.
5. Vátryggingariðgjöld vélbáta verði lækkuð verulega, eða miðað við, að iðgjöld af nýjum bátum verði 3%—4%.
6. Veifarfarakostnaður útgerðarinnar verði lækkaður m. a. með því, að ríkisvaldið veiti samtökum útvegsmanna aðstöðu til að hafa með höndum alla verzlun og innlenda framleiðslu veiðarfæra. Á meðan samtök útvegsmanna hafa enn ekki veiðarfæraverzlunina með höndum, skulu þau hafa vald til að fylgjast nákvæmlega með, að hlýtt sé settum reglum um verðlag veiðarfæra.
7. Oliuverðið sé lækkað m. a. með því, að ríkið taki að sér allan innflutning á olíum og hafi með höndum heildsölu þeirra. Samtök útvegsmanna hafi fulltrúa í stjórn oliuverzlunar ríkisins. Olíusamlög útvegsmanna annist dreifinguna, þar sem því verður við komið.
8. Beituverð á komandi vertíð verði lækkað.
9. Stuðningslán verði veitt öllum þeim útgerðarfyrirtækjum, sem töpuðu á síldarútgerðinni í sumar. Lánið verði veitt á svipaðan hátt og gert var 1945. Endurgreiddar verði þær 4 kr. af verði hvers síldarmáls, sem haldið var eftir vegna fiskábyrgðarlaganna.
10. Ákveðið verði, að afborganir yfirstandandi árs af stofnlánnum útvegsins og fyrirtækja, sem starfa í beinu sambandi við útgerðina, verða ekki innheimtar á þessu ári.

II. Ráðstafanir til þess að tryggja sölu sjávarafurða.

Þjóðin öll og þó einkum þær stéttir þjóðarinnar, sem að framleiðslu sjávarafurða starfa, eiga afkomu sína undir því, hvort allar sjávarafurðir seljast og hve góðu verði. Þess vegna verða þessar stéttir að hafa fyllstu tryggingu fyrir því, að allt sé gert, sem hugsanlegt er til þess að tryggja sem mestan og öruggastan markað og sem hæst verð. Bezta tryggingin er, að fulltrúar þessara stétta hafi sjálfir yfirstjórn sölunnar í samstarfi við þau sölusamtök, sem mynduð eru á hverju sviði. Það er líka æskilegt, að sölu sjávarafurðanna sé haldið utan við flokkabaráttuna og reynt sé að tryggja samstarf þeirra stétta, sem að sjávarútveginum starfa, hvernig

sem stjórn landsins er háttað á hverjum tíma. Því séu eftirfarandi ráðstafanir gerðar nú þegar varðandi sölu sjávarafurða:

1. Nefnd skipuð 5 mönnum hafi yfirstjórn allrar sölu sjávarafurða og taki við hlutverki þeirra nefnda, sem nú fara með þessi mál. Fulltrúar í nefndina séu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og ríkisstjórninni. Nefnd þessi skal samræma störf þeirra stofnana, er annast útflutning sjávarafurða, (Sildarverksm. ríkisins, Sildarútvegsnefnd, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda o. fl.). Fulltrúar þessara stofnana sitja fundi nefndarinnar, þegar hún fjallar um þeirra mál. Ríkisstjórnin getur neitað nefndinni um söluheimild, ef hún ætlar að selja undir ábyrgðarverði. Sölunefndin skal hafa samráð við innkaupastofnanir þjóðarinnar varðandi alla raunverulega vöruskipta- (clearing) samninga.
2. Tafarlaust séu teknir upp samningar um sölu sjávarafurða næsta árs, og þá fyrst og fremst við þær viðskiptaþjóðir vorar, sem bezt verð hafa greitt eða vilja greiða. Sé nauðsynlegt, til þess að tryggja góða og mikla sölu til slíkra þjóða, að semja um leið um mikil kaup frá þeim, skal það gert, en þess vandlega gætt að kaupa frá hverju landi þær vörur, sem viðkomandi land framleiðir samkeppnisfærastar af þeim, sem Ísland þarfnast. Skal höfð náin samvinna milli sölu- og innkaupastofnana þjóðarinnar um gerð og framkvæmd slíkra samninga og höfð hliðsjón af áætlun þeirri um út- og innflutning, sem ríkisstjórnin lætur semja. Kappkostað sé að ná samningum til margra ára, ef hagstætt verð fæst, við þau lönd, er þannig vilja semja.

III. Hagkvæm notkun gjaldeyris og lækun vísitölu.

1. Verzlunarskipulagið. Innflutningsverzlun landsins verði skipulögð með heildarhagsmunum þjóðarinnar fyrir augum, þannig að hinn mikli gróði, sem nú rennur til heildsalastéttarinnar, komi allri þjóðinni að gagni með lækkuðu vöruverði og auknum tekjum til ríkissjóðs, og bundinn endi á þá hóflausu soun verðmæta og vinnuafis og þann gjaldeyrisflotta, sem núverandi tilhögun hefur í för með sér. Þessu marki telur flokkurinn, að bezt yrði náð með því, að sett yrði á fót innkaupastofnun þjóðarinnar, er annist um innkaup á öllum vörum, og sé henni stjórnað með lýðræðislegu fyrirkomulagi, svo að þeir aðilar, sem innkaupin eru gerð fyrir, geti mestu ráðið um þau. En meðan ekki næst nógu almennt samkomulag um þá leið, vill flokkurinn benda á eftirfarandi fyrirkomulag, er stefnir að sama marki:
 - a. Innkaupastofnun eða stofnanir, sem stjórnað sé af fulltrúum kaupfélaganna og annarra neytendafélaga og samtaka smásölukaupmanna, annist innkaup á skömmtunarvörum og öðrum nauðsynjavörum almennings.
 - b. Samtök útgerðarmanna annist innkaup á vörum til útgerðar, samtök iðnaðarmanna á hráefnum til iðnaðar og heildarsamtök byggingarféлага eða byggingarstofnun ríkisins, ef stofnuð verður, annist innkaup á byggingar-efni.
 - c. Ríkið annist sjálft heildverzlun með vörutegundir, sem það kaupir með milliríkjasamningum.
 - d. Ríkið hafi einkasölu á vörum með hárrí álagningu.

Með slíkri tilhögun og öruggu eftirliti ríkisins með allri innflutningsverzluninni er hægt að ná þeim tilgangi að lækka mjög verulega verð á nauðsynjavörum og þar með vísitöluna, lækka verð á vörum til framleiðslunnar, hagnýta til almenningsþarfa verzlunargróða af vörum með hárrí álagningu, verja gjaldeyrinum á hinn hagkvæmasta hátt fyrir þjóðarheildina og haga innkaupum erlendis með það fyrir augum að afla sem beztra og öruggastra markaða fyrir útflutningsvörur þjóðarinnar.

2. Afnám eða lækkingun tolla á nauðsynjavörum, svo sem matvöru, vefnaðarvöru og búsaðöldum. Þannig mætti lækka vísitöluna nú þegar um 20 stig.
3. Landbúnaðarvörur. Vísitölugrundvöllur landbúnaðarafurða verði endurskoðaður og miðaður við heilbrigðan búrekstur við skilyrði, sem teljast mega viðunandi, á núverandi tækni- og þróunarstigi landbúnaðarins. Kjötverð sé miðað við bú, sem er sæmilega vel fallið til sauðfjárræktar, og mjólkurverð á sama hátt við bú, sem hefur viðunandi skilyrði til mjólkurframleiðslu og aðstöðu til að koma vörunni á markað. Jafnframt verði gerðar gagngerðar ráðstafanir til stuðnings smábændum með það mark fyrir augum að auka svo tækni, vélakost, samvinnu og samstillt skipulögð, vinnubrögð í landbúnaðinum, að allir þeir, sem landbúnað stunda, geti notið mannsæmandi lífskjara, er séu fullkomlega sambærileg við aðrar vinnandi stéttir, samtímis því, sem verðlag geti farið lækkingandi sökum stöðugt lækkingandi framleiðslukostnaðar.
4. Ráðstafanir gegn braski. Hafizt verði handa með margvíslegum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir brask með fasteignir og önnur verðmæti, sem svo mjög hefur orðið til að trufla allt verðlag og heilbriggt viðskiptalíf í landinu. Aflað verði upplýsinga um gjaldeyriseignir Íslendinga erlendis og leitað samkomulags við hlutaðeigandi ríkisstjórnir um afhendingu þeirra.
5. Lækkingun húsaleigu. Til þess að lækka húsaleiguna verði gerðar eftirfarandi ráðstafanir:
 - a. Vextir af lánum, sem veitt hafa verið og veitt verða til íbúðarhúsa, verði lækkaðir niður í 2½% og lánin veitt til langs tíma.
 - b. Nýtt mat verði látið fara fram, er lækki húsaleiguna í nýrri húsunum með tilliti til þeirra ráðstafana, sem um getur í a-lið.
 - c. Byggingarkostnaður verði lækkaður með aukinni tækni og skipulagðari vinnubrögðum, samanber tillögur flokksins um skipulag byggingarmálanna.
 - d. Lagður verði á stóribúðaskattur, sem varið verði til þess að lækka húsaleiguna í þeim húsum, sem byggð hafa verið á tímabili hins háa verðlags.
6. Farmgjöld verði lækkuð svo sem kostur er, og vörurnar fluttar sem mest beint til ákvörðunarstaðar.

IV. Ráðstafanir til aukinna afkasta, ódýrari framleiðslu, bættra vinnubragða og sparnaðar í opinberum rekstri.

1. Stefnt sé að hagnýtingu fullkominnar tækni við framleiðsluna. Innflutningur nýtzku véla aukinn, en framleiðslan í hverri grein og einkum hagnýting vélanna jafnframt þannig skipulögð, að hin fyllstu afköst fái úr hverri vél eða verksmiðju. Komið sé upp vélastöðvum bæði í sveitum og bæjum, er láni hinar stórvirku vélar gegn sanngjörnu endurgjaldi og annist geymslu og viðgerðir véla. Tryggð sé sem best hagnýting hráefna og gernýting alls úrgangs og samstarfi komið á um slíkt í viðkomandi atvinnugrein.
2. Samstarfi sé komið á milli samtaka verkamanna og atvinnurekenda um sem skynsamlegasta hagnýtingu vinnuafslins og vélanna, um vinnusparandi aðferðir og sparnað í rekstri, um útrýmingu hvers konar skriffinnsku eða óþarfa tafa af hálfu hins opinbera, sem teifa eða hindra framleiðsluna og gera hana dýrari.
3. Betra skipulagi og meiri sparnaði sé komið á starfskerfi ríkisins.

V. Fjáröflun.

Til að afla ríkissjóði tekna vegna framangreindra ráðstafana, verði lagðir á eftirfarandi skattar:

1. Sérstakur háar eignarskattur verði lagður á stóreignir.
2. Hækka skatta á tekjum, sem eru yfir 50 þús. kr. á ári.
3. Ríkisrekstur verði upp tekinn á ýmsum fyrirtækjum, sem gefa mikinn arð.

4. Afnumin séu skattafriðindi hlutafélaga, sem ekki fást við sjávarútveg eingöngu.
5. Ströngu eftirliti sé komið á með framtölum og þung viðurlög lögð við skattsvikum.

Til þess að þær ráðstafanir, sem að framan greinir, nái þeim höfuðtilgangi sínum að tryggja grundvöll atvinnuveganna, hverjum manni verk að vinna og framhald þeirra stórstígu atvinnuframkvæmda og nýsköpunar, sem hafin var á árunum 1945—1946, leggur flokkurinn áherzlu á, að samtímis verði hafizt handa um viðtækar nýsköpunarframkvæmdir samkvæmt áætlun, í meginatriðum á grundvelli tillagna flokksins frá 6. nóv. 1946. Í því skyni verði öllu því fjármagni, sem þjóðin hefur yfir að ráða, boðið út m. a. með skyldulánum af fjármagni stóreignamanna, og tilteknum hluta af árlegri gjaldeyrisóflun þjóðarinnar verði varið eingöngu til nýsköpunar.